



Samræmist
framfarsýn og
stefnumótun fyrirtækis
rekstri þess og er hún
samþykkt af stjórn?

Er stefnumörkun og
áætlanagerð fyrirtækis
framfylgt á fullnægjandi
máta og endurmetin
reglulega?

Eru til viðskiptaáætlanir
og stefna fyrir
mismunandi einingar
fyrirtækis?

Fyrirtækjaráðgjöf

Stefnumótun, áætlanagerð og eftirlit

Stjórn fyrirtækis er nauðsynlegt að móta skýra stefnu til þess að ná skilgreindum markmiðum. Stjórn þarf að fylgjast með því hvernig stefna hennar er innleidd í rekstur fyrirtækis og hvernig henni er framfylgt. Stefnu stjórnar þarf að endurmeta reglulega.

PwC telur að skýr stefna og öflugt eftirlit stjórnar með innleiðingu og eftirfylgni geri fyrirtækinu kleift að ná markmiðum sínum á mun skilvirkari og öruggari máta en ella.

Framtíðarsýn, stefnumótun og eftirlit

Framtíðarsýn og markmið

Framtíðarsýn og markmið fyrirtækis ætti að vera sett af stjórn þess og fylgt eftir af stjórnarformanni eða framkvæmdastjóra. Mikilvægt er að starfsmenn telji að framtíðarsýn og markmið fyrirtækisins séu raunhæf og hafi áhuga á að fylgja þeim eftir.

Framtíðarsýn og markmið stjórnar þurfa að fléttast inn í fyrirtækjamenningu og hvetja til ásættanlegrar áhættutöku við nýsköpun og markaðssókn.

Framtíðarsýn og markmið fyrirtækis ættu einnig að vera raunsæ og óháð mögulegum breytingum á skipun stjórnar.

Stefnumótun / Áætlanagerð

Stjórn fyrirtækis ætti að móta stefnu fyrirtækis og setja markmið til lengri og skemmri tíma eftir atvikum í samráði við framkvæmdastjórn. Markmið er hægt að greina niður í einstaka þætti í starfseminni og fyrir fyrirtækið í heild.

Stjórn ætti að setja fjárhagsáætlun sem endurspeglar einstök markmið fyrirtækis og stuðlar að því að hægt sé að ná þessum markmiðum.

Stjórn ætti einnig að setja fram áætlun til að mæta óvissu sem tengist stefnumótun fyrirtækis.

Eftirlit og mat

Stjórn fyrirtækis ætti að gera ráðstafanir til að fylgjast reglulega með því hvernig stefnumálum og áætlunum er fylgt. Í því sambandi ætti að koma á viðunandi innra eftirliti sem sniðið er að þörfum fyrirtækisins. Í því felst að bregðast við hættu á því að fyrirtækið nái ekki markmiðum sínum, bera kennsl á og skýra mismun milli áætlaðrar og raunverulegrar framvindu og bregðast við verulegum frávikum.

Stefnumótun og áætlanagerð þarf að kynna og endurmeta reglulega með tilliti til verkefna, markmiða og gilda fyrirtækis.

Okkar reynsla

Stefnumótun og áætlanagerð

Að mati PwC ætti að framkvæma stefnumótun og áætlanagerð með þátttöku þeirra sem eiga að fylgja henni eftir. Stjórnendur innan fyrirtækis sem fylgjast með daglegum rekstri geta bent á mikilvæg atriði sem taka þarf tillit til við stefnumótun og áætlanagerð s.s. óskir viðskiptavina, gæðamál, starfsmannamál o.fl.

Stjórn ætti að hafa í huga:

- að ekki er alltaf hægt að heimfæra fyrri reynslu á markaði upp á framtíðina
- að nýta sér utanaðkomandi sérfræðiráðgjöf þegar á þarf að halda
- að meta líkur á mögulegri hættu á því að markmið náist ekki
- að innleiða eða efla stefnu um áhættustjórnun
- að setja sér raunsæ markmið og bera sig saman við svipuð fyrirtæki

Viðskiptaáætlanagerð / Árleg fjárhagsáætlun

Stjórn ætti að útbúa viðskiptaáætlanagerð fyrir mismunandi einingar innan fyrirtækis í samræmi við almenna stefnu þess og endurmeta reglulega. Viðskiptaáætlanagerð ættu að vera í samræmi við stefnumótun fyrirtækis, halda í við breytingar og nýsköpun, fela í sér tímasett markmið og endurspeglast í verkefnaáætlunum framkvæmdastjórnar.

Stjórn fyrirtækis ætti að setja nákvæma fjárhagsáætlun. Hún þarf að byggja á traustum forsendum og vera brotin niður á mikilvæga þætti í starfsemi fyrirtækis.

Eftirlit með og mat á frammistöðu framkvæmdastjórnar

Stjórn ætti að fela framkvæmdastjórn að innleiða stefnu og áætlanagerð og fara reglulega yfir og meta hvernig til hefur tekist. Stjórnin þarf svo að fjalla um árangur og frávik, greina orsakir og afleiðingar þess að markmið hafa ekki náðst og grípa til aðgerða eins og við á í hverju tilviki.

Stjórn þarf að stuðla að hollustu framkvæmdastjórnar við stefnu og markmið fyrirtækis til þess að tryggja árangur. Frammistöðumat er mikilvægur þáttur í því að efla og hvetja þá sem eiga að framfylgja stefnu stjórnar og áætlunum.

Hvað getur PwC gert fyrir þig

PricewaterhouseCoopers leggur áherslu á að stefnumótun, áætlanagerð og öflugt eftirlit stjórnar skili sér í skilvirkari og gagnsærri rekstri. PwC veitir ráðgjöf við að innleiða öfluga upplýsingagjöf og innra eftirlit, áhættustjórnun og góða starfshætti stjórnar sem eru mikilvægir þættir í góðum stjórnarháttum fyrirtækja.

Tengiliðir

Halldór Þorkelsson

Sviðsstjóri Fyrirtækjaráðgjafar
+ 354 550 5229

halldor.thorkelsson@is.pwc.com

Ragnar Þ. Jónasson

Ráðgjafi / Iögræðingur
+ 354 550 5360

ragnar.jonasson@is.pwc.com

Þessi kynning felur ekki í sér ráðgjöf af neinu tagi. Ekki ætti að afhafast samkvæmt þessu kynningarriti án þess að fá sérfræðilega ráðgjöf. PricewaterhouseCoopers hf., PricewaterhouseCoopers LLP, hluthafar, starfsmenn og umboðsaðilar bera ekki ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru í þessu riti eða aðgerða sem framkvæmdar eru af hálfu annarra aðila á grundvelli þessara upplýsinga.

© 2006 PricewaterhouseCoopers hf. Allur réttur áskilinn. „PricewaterhouseCoopers“ vísar til PricewaterhouseCoopers hf. á Íslandi, nema ráða megi af samhengi eða beinum tilvísunum að vísað sé í önnur fyrirtæki í samstöðu PricewaterhouseCoopers International Limited sem öll eru lagalega sjálfstæðar einingar.